

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins er skipuð 9 fulltrúum, sem kjómir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélagið er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið annast þau lögmæltu verkefni sem því eru falin í lögum.

Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða stjórnendur í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 54. og 56. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

10. Að setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Að staðfesta erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, og starfshætti í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.
12. Að fara með hlutverk byggðarráðs skv. 35. sveitarstjórnarlaga, að því marki sem það hlutverk er ekki öðrum falið skv. lögum eða samþykkt þessari, sbr. einnig 13. tölul. hér á eftir.
13. Að bera ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni stjórnarsýslutilraunar, skv. 132. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún fær umboð sitt. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

Um hlutverk oddvita gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt þessara. Oddviti fer með fyrirvar af hálfu sveitarfélagsins út á við, í samráði við framkvæmdastjórn. Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn heldur almennt reglulega fundi sveitarstjórnar annan og fjórða miðvikudag í mánuði, kl. 13:00, á fyrir fram ákveðnum stað sem auglýstur er opinberlega, sbr. 3. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða stjórnandi stjórnarsýslusviðs telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Stjórnandi stjórnarsýslusviðs boðar fundi í samráði við oddvita. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst oddvita. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Oddviti semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við framkvæmdastjórn og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega 3 virkum dögum fyrir fund til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann annað hvort vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess.

Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um framkvæmd fjarfunda.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Í fundargerð skal getið númer fundar og heiti nefndar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða. Fundargerðir skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðarmiðli svo fljótt sem auðið er.

Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. *Vald oddvita.* Skyld er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.
Ef sveitarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.
Ef áheyrandi á sveitarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.
Leyfi oddvita þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi stjórnenda sviða.* Stjórnendur sviða skulu sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en þeir hafa ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita.
Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni.
Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.
- g. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Stjórnendur sviða, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.
- h. *Ræðutími.* Oddviti getur lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.

- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar í óbundinni kosningu taka varamenn sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Varamenn skulu vera 9 að tölu. Ef varamaður verður sveitarstjórnarmaður skal kjörstjórn gefa út kjörbréf til þess sem næstur var inn á varamannalistann.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar í hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn taka varamenn af lista aðalfulltrúa sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir röðuðust á listann.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

19. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágú skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmunum sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Beiðni um afhendingu gagna skal berast skriflega til oddvita. Í slíkri beiðni skal koma fram sem skýrust afmörkun þeirra gagna sem um ræðir. Afgreiðsla beiðna skal alla jafna fara fram innan þriggja vinnudaga frá því beiðnin berst. Varði beiðni mikið umfang gagna eða ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings, skal oddviti, leggja til að sveitarstjórnarmaður kynni sér gögn á skrifstofu sveitarfélagsins en fái ekki afrit þeirra.

Sveitarstjórnarmaður skal beina beiðni um aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins til oddvita, sbr. 2. mgr. Varði beiðni stofnun sem sérstakur fyrirsvarsmáður er fyrir skal beiðni einnig kynnt þeim aðila. Sveitarstjórnarmaður skal alla jafna hafa fengið tækifæri til að nýta rétt sinn innan fimm vinnudaga frá því beiðni berst.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann sinn. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir.

27. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

28. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

29. gr.

Framsal sveitarstjórnar til nefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela kjörnum nefndum og ráðum sem talin eru upp í 40. gr. samþykktar þessarar að afgreiða, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Í samræmi við ofangreind ákvæði er heimild til fullnaðarafgreiðslu bundin við ákvarðanir sem teknar eru við framkvæmd á stefnumörkun sveitarstjórnar. Nefndum er skylt að vísa til sveitarstjórnar málum sem til meðferðar eru ef til greina kemur að taka stefnumarkandi ákvörðun í þeim, hvort sem áformuð ákvörðun vikur frá markaðri stefnu eða styðst við stefnu sem ekki telst fullmótuð.

Þriðjungur hlutaðeigandi nefndar eða ráðs sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr. getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn taki ákvörðun í máli, óháð því hvort um stefnumarkandi ákvörðun er að ræða eða ekki. Erindi þar að lútandi skal lagt fram í framkvæmdastjórn sem vísar því áfram til sveitarstjórnar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. og 2. mgr. til framkvæmdastjórnar.

Við endurupptöku skv. 43. gr. gildir með sama hætti að sveitarstjórn skuli taka afstöðu til endurupptöku máls ef í því hefur verið tekin stefnumarkandi ákvörðun. Framkvæmdastjórn skal vísa endurupptökumáli til sveitarstjórnar ef beiðni málsaðila er studd þeim rökum að fullnægjandi umboð til ákvörðunar á grundvelli framsals hafi ekki verið fyrir hendi.

Við birtingu ákvörðunar skal aðila máls kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

Ákvörðun sem hefur verið tekin á grundvelli fullnaðarafgreiðsluheimildar skal birta aðila máls með skriflegum hætti. Samhliða birtingu ákvörðunar skal tilkynna aðila máls um rétt til endurupptöku skv. 43. gr. samþykktar þessarar.

30. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar. Fundargerðum skal skilað á skrifstofu sveitarstjórnar eigi síðar en þremur sólarhringum eftir fund.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

31. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi að lög eða eðli máls hamla því ekki.

Á dagskrá opins nefndarfundar verða einungis til umfjöllunar málefni sem varða umtalsverða og/eða almenna hagsmuni íbúa sveitarfélagsins, og geta ekki varðað mál sem undanþegin kunna að vera upplýsingarétti almennings.

Opinn nefndarfund skal auglýsa með dreifibréfi til allra heimila í sveitarfélaginu og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um meðferð óska um opna fundi nefnda þar sem fram koma skilyrði opunar, sbr. 46. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

33. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyri þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

34. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

35. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

36. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

37. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

38. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

39. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

40. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórnin kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fastanefndir og kjörstjórnir.

1. *Fræðslu- og velferðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, áfengislögum nr. 75/1998, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.
2. *Atvinnu- og nýsköpunarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar á sviði atvinnu- og landbúnaðarmála. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013, lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps nr. 618/2010, lögum um skógrækt nr. 33/2019, lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Nefndin fjallar um samgöngur, sbr. vegalög nr. 80/2007 og hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu skv. reglugerð nr. 437/1995 og nýtingu jarðnæðis, sbr. jarðalög nr. 81/2004 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.
3. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um skipulagsmál í sveitarfélaginu. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.
4. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um umhverfis- og hreinlætismál í sveitarfélaginu. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og skv. samþykkt um umgengni

og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra nr. 463/2002 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.

5. *Íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með íþrótt-, tómstunda- æskulýðs- og menningarmál í sveitarfélaginu. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012, íþróttalögum nr. 64/1998, æskulýðslögum nr. 70/2007, lögum um félagsheimili nr. 107/1970 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.
6. *Kjörstjórnir*. Kjósa skal:
 - a. Til yfirkjörstjórnar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 15. og 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Yfirkjörstjórn hefur umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í sveitarfélaginu.
 - b. Til undirkjörstjórna, jafnmargra og kjördeildir eru, þrjá aðalmenn í hverja og jafnmarga til vara skv. 15. og 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Undirkjörstjórnir fara með framkvæmd kosninga hver í sinni kjördeild.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

B. Önnur ráð og stjórnir.

1. *Ungmennaráð*. Um verkefni og skipan ungmennaráðs fer samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
2. *Öldungaráð*. Um verkefni og skipan öldungaráðs fer samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
3. *Notendaráð*. Um verkefni og skipan notendaráðs fer samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

C. Tilnefningar í sameiginlegar nefndir, stjórnir og byggðasamlög.

Sveitarstjórn tilnefnir fulltrúa til setu á/í eftirtöldum þingum, nefndum, stjórnnum og byggðasamlögum í samræmi við lög eða samþykktir viðkomandi aðila:

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*.
2. *Aðalfundur SSNE*.
3. *Fulltrúaráð SSNE*.
4. *Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs*.
5. *Brunavarnanefnd*.
6. *Hvammur, dvalarheimili aldraðra*.
7. *Atvinnuefning Þingeyjarsveitar ehf*.

Sveitarstjórn fer með verkefni annarra lögbundinna nefnda en framangreindra.

Kjörtímabil fulltrúa í fastanefndum, er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað sé ákveðið í lögum eða samþykktum. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað, en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrir sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Erindisbréf ráða, nefnda og stjórna

Framkvæmdastjórn gerir tillögu að erindisbréfum fyrir ráð, nefndir og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir, samþykktir eða verklagsreglur og samþykktir sveitarstjórnar. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur framkvæmdastjórnar.

42. gr.

Verkefnabundnar nefndir

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrir ef verki nefndarinnar er lokið.

Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

43. gr.

Endurupptaka og málsmeðferð

Eftir að starfsmaður, stjórn eða nefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik

eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina beiðni um endurupptöku máls til framkvæmdastjórnar.

VI. KAFLI

Framkvæmdastjórn, stjórnendur sviða og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

44. gr.

Hlutverk og skipan framkvæmdastjórnar.

Meginhlutverk framkvæmdastjórnar er að annast samhæfingu á því hvernig markaðri stefnu sveitarstjórnar er hrint í framkvæmd af hálfu stjórnsýslu sveitarfélagsins. Til þess að samhæfa fjármálastjórn sveitarfélagsins er framkvæmdastjórn falið að semja drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana. Framkvæmdastjórn leggur drögin fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar. Þá sér framkvæmdastjórn um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Framkvæmdastjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar að erindisbréfum nefnda og starfslýsingum starfsfólks.

Sveitarstjórn velur einn kjörinn fulltrúa úr sínum hópi til þess að vera formaður framkvæmdastjórnar. Auk hans sitja í framkvæmdastjórn þeir þrír stjórnendur sviða sem ráðnir eru til starfa skv. 45. gr.

45. gr.

Ráðning stjórnenda yfir sviðum.

Sveitarstjórn ræður stjórnanda yfir stjórnsýslusvið, stjórnanda yfir fjölskyldusvið og stjórnanda yfir nýsköpunarsvið. Þessir stjórnendur annast, í sameiningu, framkvæmd á stefnumörkun og ákvörðunum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn veitir þessum þremur stjórnendum, hverjum á sínu sviði, umboð til þess að leiða verkefni sveitarfélagsins. Starfslýsingar þessara þriggja stjórnenda skulu vera hluti af skipuriti sveitarfélagsins sem sveitarstjórn staðfestir og birtir opinberlega.

Sveitarstjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við stjórnendur sviða þar sem starfskjör þeirra eru ákveðin. Ráðningartími þeirra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

46. gr.

Hlutverk stjórnenda yfir sviðum.

Stjórnendur hinna þriggja sviða sveitarfélagsins fara í sameiningu með verkefni og hlutverk framkvæmdastjóra eins og því er lýst í VI. kafla sveitarstjórnarlaga nema annað komi fram í samþykkt þessari.

Stjórnendur sviða skulu sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu jafnframt kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn.

Stjórnandi stjórnsýslusviðs sér um að fundir sveitarstjórnar séu vel undirbúnir og sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komi til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum. Stjórnandi stjórnsýslusviðs er prókúruhafi sveitarfélagsins en er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi. Stjórnandi stjórnsýslusviðs undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Stjórnendur hinna þriggja sviða eru æðstu yfirmenn starfslíðs sem heyra undir þeirra svið. Þeir skulu sjá um að stjórnsýsla sviðsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum. Þeir sjá einnig um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu nefndanna komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum. Stjórnendur sviða hafa rétt til setu á fundum nefnda sveitarstjórnar sem heyra undir viðkomandi svið.

47. gr.

Hlutverk formanns framkvæmdastjórnar.

Formaður framkvæmdastjórnar leiðir starf hennar. Hann boðar til funda, stýrir fundum og annast samskipti á milli framkvæmdastjórnar og sveitarstjórnar.

Komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða svið málefni heyrir sker formaður framkvæmdastjórnar úr.

Laun formanns framkvæmdastjórnar skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

48. gr.

Um ráðningu starfsmanna.

Stjórnendur sviða ráða stjórnendur stofnana. Stjórnandi sviðs kynnir fyrir sveitarstjórn að til standi að auglýsa slíkt starf og leggur fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar ásamt stuttri starfslýsingu, lágmarks hæfis- og hæfniskröfum, umsóknarfresti og hvaða fylgiskjöl skulu fylgja umsókn. Stjórnandi sviðs boðar hæfustu umsækjendurna í viðtöl að loknum umsóknarfresti. Að viðtölum loknum kynnir stjórnandi sviðs hæfustu umsækjendurna fyrir sveitarstjórn og hver var ráðinn í starfið.

Hafi stjórnandi sviðs í hyggju að segja upp stjórnanda stofnunar, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir sveitarstjórn, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Stjórnendur stofnana annast ráðningu undirmanna sinna í samráði við sinn næsta yfirmann.

Nánar skal fjallað um meðferð ráðningarmála í starfslýsingum stjórnenda.

49. gr.

Framsál sveitarstjórnar til starfsmanna á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka að fela starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Í samræmi við ofangreind ákvæði er heimild til fullnaðarafgreiðslu bundin við ákvarðanir sem teknar eru við framkvæmd á stefnumörkun sveitarstjórnar. Starfsmönnum er skylt að vísa til sveitarstjórnar málum sem til meðferðar eru ef til greina kemur að taka stefnumarkandi ákvörðun í þeim, hvort sem áformuð ákvörðun víkur frá markaðri stefnu eða styðst við stefnu sem ekki telst fullmótuð.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr. getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn taki ákvörðun í máli, óháð því hvort um stefnumarkandi ákvörðun er að ræða eða ekki. Erindi þar að lútandi skal lagt fram í framkvæmdastjórn sem vísar því áfram til sveitarstjórnar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. og 2. mgr. framkvæmdastjórnar.

Við endurupptöku skv. 43. gr. gildir með sama hætti að sveitarstjórn skuli taka afstöðu til endurupptöku máls ef í því hefur verið tekin stefnumarkandi ákvörðun. Framkvæmdastjórn skal vísa endurupptökumáli til sveitarstjórnar ef beiðni málsaðila er studd þeim rökum að fullnægjandi umboð til ákvörðunar á grundvelli framsals hafi ekki verið fyrir hendi.

Við birtingu ákvörðunar skal aðila máls kynnt að um fullnaðarafgreiðsluheimildar skal birta aðila máls með heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

Ákvörðun sem hefur verið tekin á grundvelli fullnaðarafgreiðsluheimildar skal birta aðila máls með skriflegum hætti. Samhliða birtingu ákvörðunar skal tilkynna aðila máls um rétt til endurupptöku skv. 43. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn sveitarfélagsins og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

51. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

Fjármál sveitarfélagsins.

52. gr.

Fjárfstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

53. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Oddviti tekur á dagskrá sveitarstjórnar samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

54. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 51. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

55. gr.

Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum.

Samhliða fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Í stefnu skal greina frá ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Við gerð og mótun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Fjármálaireglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga

57. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

58. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af framkvæmdastjórn og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

59. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

VIII. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

60. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja val til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og sérlög sem við eiga.

61. gr.

Samningar við einkaaðila.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnisýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnisýsluréttar, gilda um þá stjórnisýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

62. gr.

Samráð við íbúa.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn skal sérstaklega vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, dreifibréf send á heimili í sveitarfélaginu eða haldnir borgarafundir.

63. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 1/3 hluti þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

64. gr.

Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða, stjórna og starfsmanna.

Samþykkt þessari fylgja viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða og stjórna í samræmi við heimildir 29. gr. samþykktarinnar og um fullnaðarafgreiðslur starfsmanna innan stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í samræmi við heimildir 49. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

65. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem stjórn til undirbúnings sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur sett samkvæmt 2. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi við gildistöku sameiningar sveitarfélaganna 29. maí 2022, sbr. auglýsingu nr. []/2022. Á sama tíma falla úr gildi samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps, nr. 690/2013, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar, nr. 641/2019.


Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði samþykktar þessarar um fjölda sveitarstjórnarmanna, hlutverk oddvita, skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar og það fyrirkomulag að þrír stjórnendur sviða fari með hlutverk framkvæmdastjóra eins og því er lýst í VI. kafla sveitarstjórnarlaga eru sett með vísan til 132. gr. sveitarstjórnarlaga. Fyrirkomulag þetta skal gilda að lágmarki til 2030, nema veigamiklar ástæður mæli með að fallið sé frá því.

Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir breytingum á ákvæðum samþykktanna að öðru leyti.

Innviðaráðuneytinu, 3. mars 2022.

F. h. Innviðaráðherra,



Guðni Geir Einarsson



Hafdis Gísladóttir

VIÐAUKAR

við samþykkt um stjórn og og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um fullnaðarafgreiðslu nefnda og starfsmanna sameinaðs sveitarfélags án staðfestingar sveitarstjórnar.

Með vísan til 29. og 49. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar eru settir eftirtaldir viðaukar við samþykktina:

Viðaukarnir varða fullnaðarafgreiðslu nefnda og stjórna og embættisfærslur starfsmanna í stjórnsýslu hins sameinaða sveitarfélags á eftirtöldum málefnasviðum:

- Viðauki 1.1. Skipulagsnefnd.
- Viðauki 1.2. Stjórnandi stjórnsýslusviðs.
- Viðauki 1.3. Stjórnandi fjölskyldusviðs.
- Viðauki 1.4. Stjórnandi nýsköpunarsviðs.
- Viðauki 1.5. Skipulagsfulltrúi.
- Viðauki 1.6. Byggingarfulltrúi.
- Viðauki 1.7. Slökkviliðsstjóri.

VIÐAUKI 1.1

Skipulagsnefnd.

1. gr.

Skipulagsnefnd afgreiðir án staðfestingar sveitarstjórnar eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða,
2. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
3. Afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. ml. 1. mgr. 41. gr. laganna,
4. Afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga
5. Ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi. sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr.
6. Afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga
7. Ákvörðun um að unnin sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi með vísan til 38. gr. skipulagslaga,
8. Samþykkt og kynning skipulagslýsingar samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga,
9. Ákvörðun um að auglýsa deiliskipulagstillögu
10. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
11. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga vegna umsókna um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
12. Ákvörðun um heiti á götum, vegum og torgum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga.
13. Gerir tillögur að umferðarhraða og öðrum öryggisráðstöfunum í umferðaröryggisáætlun.

VIÐAUKI 1.2

Stjórnandi stjórnsýslusviðs.

1. gr.

Stjórnandi stjórnsýslusviðs afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 49. gr. samþykktar þessarar:

1. Ráðningar starfsmanna sem heyra undir sviðið. Nánar skal fjallað um ráðningarmál í starfslýsingu stjórnanda stjórnsýslusviðs sem sveitarstjórn staðfestir. Starfslýsingin er hluti af skipuriti sveitarfélagsins.
2. Umsóknir um afslátt af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt af fasteignaskatti, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Stjórnanda stjórnsýslusviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til afgreiðslu sveitarstjórnar ef ætla má að aðili máls sæti ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

2. gr.

Eftirlit með afgreiðslu mála.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt hlutaðeigandi fastanefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessum kafla og framlagningu skýrslna skv. 1. mgr.

Ákvæðið hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til 48/ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

VIÐAUKI 1.3.

Stjórnandi fjölskyldusviðs.

1. gr.

Stjórnandi fjölskyldusviðs afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 48. gr. samþykktar þessarar:

1. Ráðningar skólastjóra, sbr. 48. gr. samþykktar
2. Ráðningar starfsmanna sem heyra undir sviðið. Nánar skal fjallað um ráðningarmál í starfslýsingu stjórnanda fjölskyldusviðs sem sveitarstjórn staðfestir. Starfslýsingin er hluti af skipuriti sveitarfélagsins.
3. Staðfestir starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla.
4. Stuðlar að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
5. Áætlanir um mannaflapörf leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur.
6. Samninga til eins árs sem eru í samræmi við starfsáætlun ráðsins.
7. Leyfi fyrir leikskóla- og skólavist í öðrum sveitarfélögum.
8. Leyfi fyrir leikskóla- og skólavist nemenda í skólum sveitarfélagsins sem eiga lögheimili utan þess.
9. Leyfi fyrir rannsóknnum í skólum.
10. Umsóknir um launalaus leyfi.
11. Umsóknir um leikskólavist.
12. Leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.
13. Leyfi til heimakennslu.

Stjórnanda fjölskyldusviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til afgreiðslu sveitarstjórnar ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

2. gr.

Eftirlit með afgreiðslu mála.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt hlutaðeigandi fastanefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessum kafla og framlagningu skýrslna skv. 1. mgr.

Ákvæðið hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

VIÐAUKI 1.4

Stjórnandi nýsköpunarsviðs.

1. gr.

Stjórnandi nýsköpunarsviðs afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 48 gr. samþykktar þessarar:

1. Ráðningar starfsmanna sem heyra undir sviðið. Nánar skal fjallað um ráðningarmál í starfslýsingu stjórnanda nýsköpunarsviðs sem sveitarstjórn staðfestir. Starfslýsingin er hluti af skipuriti sveitarfélagsins.

Stjórnanda nýsköpunarsviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til afgreiðslu sveitarstjórnar ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

2. gr.

Eftirlit með afgreiðslu mála.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt hlutaðeigandi fastanefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessum kafla og framlagningu skýrslna skv. 1. mgr.

Ákvæðið hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

VIÐAUKI 1.5

Skipulagsfulltrúi.

1. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögunum, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 49. gr. samþykktar þessarar:

1. Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
2. Leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
3. Gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga fyrir framkvæmdir sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
4. Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
5. Með þriggja mánaða fyrirvara, getur skipulagsfulltrúi lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólöglegt, sbr. 1. mgr. 54. gr. skipulagslaga
6. Framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til skipulagsnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til afgreiðslu skipulagsnefndar ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, og um kærufrest, ef um kærnanlega ákvörðun er að ræða.

2. gr.

Eftirlit með afgreiðslu mála.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt hlutaðeigandi fastanefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessum kafla og framlagningu skýrslna skv. 1. mgr.

Ákvæðið hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

VIÐAUKI 1.6 Byggingarfulltrúi.

1. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir, án staðfestingar skipulagsnefndar, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 49. gr. samþykktar þessara:

1. Eftirlit með mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
2. Útgáfa byggingarleyfis, að uppfylltum skilyrðum laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum.

Byggingarfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til afgreiðslu skipulagsnefndar ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Mál skv. þessari málsgrein skal jafnframt taka til umræðu í framkvæmdastjórn.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, og um kærufrest, ef um kærnanlega ákvörðun er að ræða.

2. gr.

Eftirlit með afgreiðslu mála.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt hlutaðeigandi fastanefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessum kafla og framlagningu skýrslna skv. 1. mgr.

Ákvæðið hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

VIÐAUKI 1.7 Slökkviliðsstjóri.

1. gr.

Slökkviliðsstjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir lög um brunavarnir:

1. Ráðningar starfsmanna við slökkvilið, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 75/2000, um brunavarnir. Nánar skal fjallað um ráðningarmál slökkviliðs í brunavarnaráætlun sem sveitarstjórn staðfestir.
2. Eftirlit og þvingunarúræði skv. lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til afgreiðslu sveitarstjórnar ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Mál skv. þessari málsgrein skal jafnframt taka til umræðu í framkvæmdastjórn.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til málskots skv. IX. kafla laga nr. 75/2000, um brunavarnir.

2. gr.

Eftirlit með afgreiðslu mála.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 1. gr. skulu kynnt hlutaðeigandi fastanefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessum kafla og framlagningu skýrslna skv. 1. mgr.

Ákvæðið hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðumboði þeirra.